



Krafla og Bjarnarflag

Afköst borhola og efnainnihald vatns og gufu
í borholum og vinnslurás árið 2017

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2018-050

Dags: 10.07.2018

Fjöldi síðna: 53

Upplag: 5

Dreifing:

- ☐ Birt á vef LV
- ☒ Opin
- ☐ Takmörkuð til

Titill: Krafla og Bjarnarflag. Afköst borhola og efnainnihald vatns og gufu í borholum og vinnslurás árið 2017.

Höfundar/fyrirtæki: Trausti Hauksson

Verkefnisstjóri: Steinn Ágúst Steinsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: Kemía

Útdráttur: Skýrslan fjallar um árlegt eftirlit með borholum og vinnslurás orkuveranna í Kröflu og Bjarnarflagi. Fjallað er um breytingar á afköstum og ástandi borhola og á styrk efna í borholuvatni og gufu á milli ára. Teknar eru saman magntölur fyrir heildaruppteikt gufu og vatns sem og um losun á yfirborð, í borholur og til andrúmslofts. Birtar eru mælingar á efnastyrk frárennslisvatns og útblástursgufu og teknar saman tölur um heildarlosun gróðurhúsalofttegunda og þungmálma frá virkjununum

Lykilorð: Krafla og Bjarnarflag. Afköst borhola. Efnainnihald vatns og gufu. Frárennslí. Útblástur. Dæling í holur. Gróðurhúsalofttegundir. Þungmálmar.

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

A blue ink signature, likely belonging to Steinn Ágúst Steinsson, the project manager, written over a horizontal line.

Krafla og Bjarnarflag

Afköst borhola og efnainnihald vatns og gufu
í borholum og vinnslurás árið 2017

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR.....	3
2	KRAFLA	4
2.1	VINNSLURÁS ORKUVERSINS.....	4
2.2	AFKASTAMÆLINGAR	12
2.2.1	Afköst borhola	12
2.2.2	Massa og varmavinnsla.....	19
2.3	EFNAMÆLINGAR	24
2.3.1	Vatn og gufa úr borholum.....	24
2.3.2	Frárennsli frá Kröflustöð	27
2.3.3	Efnabreytingar í holum	36
3	BJARNARFLAG.....	44
3.1	AFKASTAMÆLINGAR	44
3.1.1	Afköst borhola	44
3.1.2	Massa og varmavinnsla.....	46
3.2	EFNAMÆLINGAR	48
3.2.1	Vatn og gufa úr borholum.....	48
3.2.2	Frárennsli	48
	Efnabreytingar í holum	56
4	NIÐURSTÖÐUR.....	59
4.1	Krafla	59
4.2	Bjarnarflag	60
5	HEIMILDASKRÁ.....	61

VIÐAUKI 1	Krafla og Bjarnarflag. Massa- og varmavinnsla og losun koldíoxíðs (CO ₂) og brennisteinsvetnis (H ₂ S).	65
VIÐAUKI 2	Meðhöndlun sýna og efnagreiningaaðferðir.	70

TÖFLUSKRÁ

		bls
Tafla 1	Kröflustöð, efnagreining gufu inn í stöð, sýnataka 2017-06-20.....	5
Tafla 2	Kröflustöð, efnagreining gass, sýnataka 2017-06-20.....	5
Tafla 3	Kröflustöð, efnagreining kælivatns, sýnataka 2017-06-20.....	5
Tafla 4	Kröflustöð, afköst borhola árið 2017	13
Tafla 5	Kröflustöð. Styrkur efna í vatni og gufu borhola árið 2017	25
Tafla 6	Kröflustöð, borholur. Gas í gufu og gashlutföll árið 2017	26
Tafla 7	Kröflustöð, borholur. Reiknaður berghiti árið 2017.....	26
Tafla 8	Kröflustöð. Vatnssýni árið 2017.....	33
Tafla 9	Styrkur mengunarefna í borholusýnum í Kröflu 2017.	34
Tafla 10	Styrkur mengunarefna í vatnssýnum í Kröflu 2017.....	34
Tafla 11	Umhverfismörk fyrir málma í yfirborðsvatni til verndar lífríki	34
Tafla 12	Heildarlosun mengunarefna frá Kröflu árið 2017	35
Tafla 13	Bjarnarflag. Afköst borhola 2017.	44
Tafla 14	Bjarnarflag. Gas í gufu inn á veitu 2017.....	50
Tafla 15	Bjarnarflag. Berghiti 2017	50
Tafla 16	Bjarnarflag. Styrkur efna í vatni og gufu úr borholum árið 2017	54
Tafla 17	Bjarnarflag. Vatnssýni 2017.	54
Tafla 18	Styrkur mengunarefna í borholusýnum í Bjarnarflagi 2017.	55
Tafla 19	Styrkur mengunarefna (µg/l) í vatnssýnum í Bjarnarflagi 2017.	55
Tafla 20	Umhverfismörk fyrir málma í yfirborðsvatni til verndar lífríki	55
Tafla 21	Heildarlosun mengunarefna frá Bjarnarflagi árið 2017	55

MYNDASKRÁ

	bls
Mynd 1 Kröflustöð vél 1 og 2. Raforkuframleiðsla árið 2017.....	6
Mynd 2 Kröflustöð vél 1 og 2. Hb-gufa árið 2017.....	6
Mynd 3 Kröflustöð vél 1 og 2. Lb-gufa árið 2017.	7
Mynd 4 Kröflustöð vél 1 og 2. Hitastig í eimsvala árið 2017.	7
Mynd 5 Kröflustöð vél 1 og 2. Gasþrýstingur í eimsvala árið 2017.	8
Mynd 6 Kröflustöð vél 1 og 2. Gashiti í eimsvala árið 2017.....	8
Mynd 7 Kröflustöð. Gas í Hb-gufu árið 2017.....	9
Mynd 8 Kröflustöð vél 1 og 2. Varmanýtni árið 2017.....	9
Mynd 9 Kröflustöð vél 1 og 2. Vélarnýtni árið 2017.....	10
Mynd 10 Kröflustöð vél 1 og 2. Hitastig kælivatns árið 2017.	10
Mynd 11 Kröflustöð vél 1 og 2. Sýrustig kælivatns árið 2017.	11
Mynd 12 Blásandi borholur í Kröflu í júní árið 2017.....	14
Mynd 13 Leirbotnar, gufurennslí úr grunnum holum.	15
Mynd 14 Leirbotnar, vatnsrennsli úr grunnum holum.....	15
Mynd 15 Leirbotnar, gufurennslí úr djúpum holum.....	16
Mynd 16 Leirbotnar, vatnsrennsli úr djúpum holum.	16
Mynd 17 Suðurhlíðar, gufurennslí úr holum.	17
Mynd 18 Suðurhlíðar, vatnsrennsli úr holum.	17
Mynd 19 Vesturhlíðar, gufurennslí úr holum.....	18
Mynd 20 Vesturhlíðar, vatnsrennsli úr holum.	18
Mynd 21 Leirbotnar, grunnar holur. Árleg vinnsla og vermi.	19
Mynd 22 Leirbotnar, djúpar holur. Árleg vinnsla og vermi.....	20
Mynd 23 Suðurhlíðar Kröflu. Árleg vinnsla og vermi.	20
Mynd 24 Hvíthólaklif. Árleg vinnsla og vermi.	21
Mynd 25 Vesturhlíðar Kröflu. Árleg vinnsla og vermi.	21
Mynd 26 Kröflusvæði. Árleg vinnsla og vermi.	22
Mynd 27 Kröflusvæði. Árleg gufuvinnsla og frárennsli.....	23
Mynd 28 Flæðirit fyrir Kröflustöð í júní 2017.	27
Mynd 29 Kísilmettun í niðurdælingarvatni (ViewData).	28
Mynd 30 Kalkmettun í niðurdælingarvatni (ViewData).	28
Mynd 31 Kröflusvæði. Árleg losun koldíoxíðs (CO ₂).....	30
Mynd 32 Kröflusvæði. Árleg losun brennisteinsvetnis (H ₂ S).	31
Mynd 33 Styrkur CO ₂ og H ₂ S í vinnslugufu Kröflustöðvar.....	32
Mynd 34 Leirbotnar, grunnar holur, SiO ₂ í vatni á móti tíma.	36
Mynd 35 Leirbotnar, djúpar holur, CO ₂ í gufu á móti tíma.....	37
Mynd 36 Leirbotnar, djúpar holur, H ₂ S í gufu á móti tíma.	38
Mynd 37 Leirbotnar, djúpar holur, SiO ₂ í vatni á móti tíma.	38
Mynd 38 Leirbotnar, djúpar holur, SO ₄ í vatni á móti tíma.....	39
Mynd 39 Leirbotnar, djúpar holur, Cl í vatni á móti tíma.	39
Mynd 40 Suðurhlíðar, CO ₂ í gufu á móti tíma.	40
Mynd 41 Suðurhlíðar, Cl í vatni á móti tíma.	41
Mynd 42 Suðurhlíðar, SO ₄ í vatni á móti tíma.....	41
Mynd 43 Vesturhlíðar Kröflu, CO ₂ í gufu á móti tíma.....	42
Mynd 44 Vesturhlíðar Kröflu, H ₂ S í gufu á móti tíma	43
Mynd 45 Vesturhlíðar Kröflu, SO ₄ í vatni á móti tíma.....	43
Mynd 46 Bjarnarflag, gufurennslí úr holum.	45
Mynd 47 Bjarnarflag, vatnsrennsli úr holum.....	45
Mynd 48 Bjarnarflag. Árleg vinnsla og vermi.	46
Mynd 49 Bjarnarflag. Árleg gufuvinnsla og frárennsli.....	47
Mynd 50 Flæðirit fyrir Bjarnarflagstöð júní 2017.	48
Mynd 51 Kísilmettun jarðbaðsvatni (ViewData).	49
Mynd 52 Kalkmettun í jarðbaðsvatni (ViewData).	49
Mynd 53 Bjarnarflag. Árleg losun koldíoxíðs (CO ₂).	51
Mynd 54 Bjarnarflag. Árleg losun brennisteinsvetnis (H ₂ S).....	52
Mynd 55 Styrkur CO ₂ og H ₂ S í gufu frá Bjarnarflagi.....	53
Mynd 56 Bjarnarflag, vermi á móti tíma.	56
Mynd 57 Bjarnarflag, CO ₂ í gufu á móti tíma.	57
Mynd 58 Bjarnarflag, H ₂ S í gufu á móti tíma.	57
Mynd 59 Bjarnarflag, Cl í vatni á móti tíma.	58

1 INNGANGUR

Í júnímánuði árið 2017 voru tekin vatns- og gufusýni úr samtals 20 holum í Kröflu og úr 2 holum í Bjarnarflagi til árlegs eftirlits.

Tekin voru sýni úr eftirfarandi tengdum vinnsluholum sem voru blásandi:

Bjarnarflag: BN-09 og BJ-13.

Hvíthólaklif: (KJ-21 var lokuð).

Leirbotnar: KG-05, KJ-06, KJ-13, KG-24 og KJ-27.

Suðurhlíðar: KJ-14, KJ-16, KJ-17, KJ-19, KJ-20, KJ-30, KJ-31 og KJ-37.

Vesturhlíðar: KJ-32, KJ-33, KJ-34, KJ-36, KJ-38, KT-40 og KJ-41.

Borholurnar voru afkastamældar samhliða sýnatöku með þynningaraðferð og mælingu á þrýstifalli yfir blendu.

Að auki var safnað sýnum úr vinnslurásum Kröflustöðvar þ.e. millieimsvala og gasútblæstri, háþrýsti- og lágþrýstigufu og kælivatni og einnig úr frárennsli frá skiljustöðvum og niðurdælingarvatni.

Í Bjarnarflagi voru tekin sýni úr Bjarnarflagslóni, skiljuvatnslögn sem fer í Jarðböðin og úr hitaveitu.

Trausti Hauksson sá um sýnatökur og efnagreiningar á staðnum. Jakob Stefánsson og Vilhjálmur Arnarsson aðstoðuðu við sýnatökur. Helgi A. Alfreðsson og Júlía Björke sáu um afkastamælingar sem voru gerðar í júní.

Niðurstöður mælinga voru skráðar á tölvutækt form, og var forritið ViewData (útgáfa V1.65) notuð til úrvinnslu gagna við gerð skýrslunnar (Kemía 2010). Allar mæliniðurstöður eru aðgengilegar í ViewData.

2 KRAFLA

2.1 VINNSLURÁS ORKUVERSINS

Heildargufustreymi og afl hverfla sem og sýrustig kælivatns, kælivatnsrennsli og hitastig, var skráð daglega af vaktmönnum í gagnavinnsluforritið ViewData.

Að auki var gasstyrkur og meðburður borholuvatns í háþrýsti- og lágþrýstilögnum mældur vikulega og niðurstöður skráðar í gagnagrunninn. Á myndum 1 til 11 eru dregnir upp ferlar þessara mæliniðurstæðna árið 2017.

Raforkuframleiðsla hverflanna er sýnd á mynd 1. Hverfill 1 var í gangi í 344 daga á árinu. Framleiðsla hans var að jafnaði um 29,2 MW og orkuframleiðslan 868 TJ á árinu. Framleiðsla hverfils 2 var að jafnaði um 29,0 MW en hann gekk í 352 dag og orkuframleiðslan var 883 TJ. Samtals var raforkuframleiðsla stöðvarinnar 1751 TJ.

Afköst virkjunarinnar voru 61 til 62 MW í upphafi árs og héldust þannig þar til hola KJ-21 var tekin af veitu þann 18 maí og lokað. Við það minnkuðu afköstin í 56 til 57 MW og héldust þannig út árið.

Mælt gufurennslu inn á hverfil 1 er sýnt á myndum 2 og 3 en gufumælar vélar 2 voru óvirkir allt árið.

Enginn meðburður borholuvatns mældist í háþrýstigufunni.

Gas í háþrýsti- og lágþrýstigufu við stöðvarvegg var efnagreint og er samsetning gassins sýnd í töflu 1. Meðaltal gass í gufu inn á hverfil, þ.e. bæði háþrýsti og lágþrýstigufu, reiknast um 0,84 % samanborið við 0,79 % árið 2016 og heildargasstreymi inn í stöðina reiknast 1,25 kg/s samanborið við 1,19 kg/s árið 2016.

Gassýnum var safnað úr millieimsvala og eftirkæli og er efnasamsetningin sýnd í töflu 2. Ástand gaslosunarbúnaðar virðist í góðu horfi.

Niðurstöður efnagreininga á vatnssýnum úr eimsvala og kæliturni vélasamstæðu 1 og 2 eru sýndar í töflu 3. Ferskvatnshlutfall í kælivatni mælist 43% af útrennsli úr kæliturni 1 og 40% úr kæliturni 2. Skiljuvatnshlutfallið mældist 8 % í útrennsli úr kæliturni 1 og 10% úr kæliturni 2. Sýrujafnvægi er í góðu lagi í kæliturni 2 en heldur mikil sýra í kæliturni 1.

Hitastig í eimsvala er sýnt á mynd 4, gasþrýstingur í eimsvala á mynd 5 og hiti gass á mynd 6.

Gasstyrkur var mældur reglulega með rúmmálmælingu í háþrýstigufu (sjá mynd 7). Gasstyrkur mældist að jafnaði um 0,9% en aukning mældist í lok árs. Gas í lágþrýstigufunni var ómælanlegt með rúmmálsaðferð.

Orkunýtni og varmanýtni vélar 1 er sýnd á myndum 8 og 9. Ekki var hægt að reikna nýtni fyrir vél 2 því gufumælar voru óvirkir.

Mynd 10 sýnir hitastig kælivatnsins og mynd 11 sýrustig. Sýrustigi kælivatnsins er stjórnað með íblöndun skiljuvatns sem leitt er frá lágþrýstiskiljum. Sýrustigið var að jafnaði rétt yfir pH 5 í eimsvala 1 sem er heldur lágt en var aukið í pH 6 seinnipart ársins sem er í góðu lagi.

Tafla 1 Kröflustöð, efnagreining gufu inn í stöð, sýnataka 2017-06-20

	Gufa							Gas
Staður	Rennsli	CO ₂	H ₂ S	H ₂	N ₂	CH ₄	Ar	hlutfall
	kg/s	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	%
HP-Gufa	118,7	8899	1290	35,2	11,1	1,39	1,24	1,02
LP-Gufa	29,4	821	267	1,7	13,7	2,26	2,76	0,11
Samtölur	148,1	7295	1087	28,5	11,6	1,56	1,54	0,84


Tafla 2 Kröflustöð, efnagreining gass, sýnataka 2017-06-20

	CO ₂	H ₂ S	H ₂	O ₂	N ₂	CH ₄	Ar
Nafn	%	%	%	%	%	%	%
HP-Gufa	66,53	27,94	3,05		1,74	0,5	0,25
LP-Gufa	78,36	14,67	6,77		0,15	0,03	0,01
Gufa saman	74,74	18,73	5,63		0,64	0,17	0,08
Millieimsvali 1	54,56	7,78	5,11	7,19	24,39	0,08	0,9
Gas 1	51,64	7,75	4,95	8,08	27,15	0,03	0,4
Millieimsvali 2	70,62	12,36	4,74	3,13	8,77	0,02	0,36
Gas 2	61,26	8,88	6,09	5,68	17,74	0,04	0,3


Tafla 3 Kröflustöð, efnagreining kælivatns, sýnataka 2017-06-20

Nafn	Hitastig	pH	Basi	CO ₂	H ₂ S	SiO ₂	Na	SO ₄	Rafleiðni	SS
	°C		mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	µS/cm	mg/kg
Eimsvali 1	44,7	5,06	0,3	23,4	6,49	53,3	23,2	77,4	175	10,0
Eimsvali 2	44,5	5,65	1,6	24,6	6,41	62,3	27,4	77,7	167	9,7
Kæliturn 1	24,2	4,46	-0,6	5,4						
Kæliturn 2	23,2	6,41	1,3	6,6						


SS=brennisteinn




Mynd 1 Kröflustöð vél 1 og 2. Raforkuframleiðsla árið 2017.




Mynd 2 Kröflustöð vél 1 og 2. HP-gufa árið 2017.




Mynd 3 Kröflustöð vél 1 og 2. LÞ-gufa árið 2017.




Mynd 4 Kröflustöð vél 1 og 2. Hitastig í eimsvala árið 2017.




Mynd 5 *Kröflustöð vél 1 og 2. Gasprýstingur í eimsvala árið 2017.*




Mynd 6 *Kröflustöð vél 1 og 2. Gashiti í eimsvala árið 2017.*




Mynd 7 *Kröflustöð. Gas í HÞ-gufu árið 2017.*




Mynd 8 *Kröflustöð vél 1 og 2. Varmanýtni árið 2017.*



Mynd 9 *Kröflustöð vél 1 og 2. Vélarnýtni árið 2017.*



Mynd 10 *Kröflustöð vél 1 og 2. Hitastig kælivatns árið 2017.*



Mynd 11 *Kröflustöð vél 1 og 2. Sýrustig kælivatns árið 2017.*

2.2 AFKASTAMÆLINGAR

2.2.1 Afköst borhola

Afköstin voru ákvörðuð með mælingu á mismunaprýstingi yfir tvífasa blendu, samhliða vatnsákvörðun með þynningaraðferð. Vatnsákvörðun með þynningaraðferð byggist á því að litarefni er dælt inn í rennslispípuna með jöfnu rennsli og styrkur þess í sýni af vatninu ákvarðaður. Vermí og rennsli er síðan reiknað út frá þessum tveimur mælingum. Þar sem ekki var blenda í lögninni var vermíð reiknað út frá kísilhita (KG-05 og KG-24). Aðferðinni er lýst í skýrslu um innleiðingu hennar (Trausti Hauksson 2011).

Mælingarnar voru skráðar í gagnagrunn ViewData. ViewData forritið reiknar vermí og heildarrennsli sem og háþrýsti- og lágþrýstigufu og frárennslisvatn og gufu úr holunum eftir aðskilnað vatns og gufu í skiljustöð. Forritið reiknar einnig rafafl, sem framleiða má úr gufunni, miðað við uppgefna nýtni hverflanna í Kröflu (62,5%). Í töflu 4 eru birtar reiknaðar stærðir fyrir valdar mælingar úr hverri holu.

Staðsetning borhola í Kröflu er sýnd á mynd 12 og eru þær holur, sem voru blásandi auðkenndar með fylltum hring.

Í júní árið 2017 voru 20 holur tengdar Kröflustöð og framleiddu þær 118,7 kg/s af háþrýstigufu og 29,4 kg/s af lágþrýstigufu, sem reikningslega nægir til framleiðslu á 60,6 MW af rafmagni. Hluti háþrýstigufunnar er notaður til þess að knýja gasdælur og voru afköst virkjunarinnar því nokkuð minni eða 56,7 MW. Háþrýsti- og lágþrýstigufa mældist lítilsháttar minni en 2016. Ný hola K-41 bætti við 7,2 kg/s af háþrýstigufu en á móti kemur minnkun vegna þess að hola KJ-21 á Hvíthólasvæðinu var lokað en árið 2016 framleiddi hún 8 kg/s af háþrýstigufu og 2,9 kg/s af lágþrýstigufu. Gufuframleiðsla á svæðinu dugar ekki fyrir fullum afköstum stöðvarinnar sem á að geta framleitt a.m.k. 62 MW en framleiddi tæp 57 MW.

Á myndum 13 til 22 eru sýndar breytingar sem orðið hafa á gufu og vatnsrennsli úr vinnsluholunum frá því að þær voru teknar í notkun. Rennslið er reiknað við 7 bar þrýsting fyrir hávermisholur og 1,2 bar þrýsting fyrir lágvermisholur.

Þrjárgrunnar lágvermisholur voru blásand, holur KG-05, KJ-06 og KG-24. Rennsli úr KG-05 og KG-24 breyttist lítið frá því að þeim var hleypt upp þar til árið 2012 en þá mældist rennslið meira. Sjá myndir 13 og 14. Það er vegna þess að nú eru holurnar ekki lengur teknar út á hljóðdeyfi til afkastamælinga heldur eru þær nú mældar á veitu við mun lægri toppþrýsting. Þær mælast nú gefa um 5 kg/s af lágþrýstigufu. Holu KJ-6 var hleypt upp 2013 hún gefur um 12 kg/s af lágþrýstigufu. Vatnsrennsli frá lágvermisholunum er samtals 66 kg/s.

Tvær holur vinna úr dýpri hluta Leirbotnasvæðisins, þ.e. holur KJ-13 og KJ-27. Óverulegar breytingar hafa orðið í holu KJ-27 síðustu ár en aukning bæði í gufu og vatnsrennsli hefur orðið úr holu KJ-13, sérstaklega á síðasta ári.


Afköst KJ-14 í Suðurhlíðum hafa minnkað verulega frá því að henni var hleypt upp en lítilsháttar aukning varð 2016 í gufurennsli og hefur það haldið sér. Hola KJ-30 minnkaði í afli frá síðasta ári eins og undanfarin ár. Vatnsrennsli jókst úr KJ-19 eftir að niðurdæling hófst í KJ-39. Aukningin hefur nú gengið til baka að mestu. Gufurennsli er lítið en helst stöðugt milli ára. Sjá myndir 17 og 18.

Hola KJ-21 á Hvíthólasvæði var lokað.


Sjö holur eru virkjaðar á Vesturhlíðasvæðinu, þ.e. KJ-32, KJ-33, KJ-34, KJ-36, KJ-38 og KT-40 og K-41. Aukning var í vatnsrennsli úr KJ-32. Aðrar holur breyttust lítið. Sjá myndir 19 og 20.

Tafla 4 Kröflustöð, afköst borhola árið 2017


Hóla	Tími	Heildar			Hb-Skilja	Lb-Skilja	Frárennsli		Hverfill
		Vermi	Rennsli	Varmaafli	Gufa	Gufa	Gufa	Vatn	Rafafl
		kJ/kg	kg/s	MW	kg/s	kg/s	kg/s	kg/s	MW
KG-05	2017-06-07	852	27,6	18,9		4,2	1,0	22,3	1,3
KG-24	2017-06-07	889	27,1	19,5		4,6	1,0	21,5	1,4
KJ-06	2017-06-07	1250	35,8	38,7		11,9	1,1	22,8	3,7
KJ-13	2017-06-07	1383	31,2	37,9	10,1	2,0	0,8	18,3	5,0
KJ-14	2017-06-15	2561	4,3	10,3	3,9	0,0	0,0	0,4	1,7
KJ-16	2017-05-02	2767	1,6	4,2	1,6	0,0	0,0	0,0	0,7
KJ-17	2017-07-03	16,0	5,2	11,8	4,3	0,1	0,0	0,8	1,9
KJ-19	2017-06-15	1879	2,2	3,8	1,2	0,1	0,0	0,8	0,6
KJ-20	2017-06-16	2678	4,5	11,4	4,3	0,0	0,0	0,2	1,9
KJ-27	2017-06-07	1036	28,9	25,1	4,4	2,3	1,0	21,2	2,6
KJ-30	2017-06-15	2770	15,5	40,3	15,5	0,0	0,0	0,0	6,7
KJ-31	2017-06-01	2786	0,7	1,8	0,7	0,0	0,0	0,0	0,3
KJ-32	2017-06-08	1149	48,2	47,3	10,1	3,5	1,5	33,1	5,5
KJ-33	2017-06-08	2050	3,2	6,0	2,1	0,1	0,0	1,0	0,9
KJ-34	2017-06-16	2538	22,4	53,2	19,9	0,2	0,1	2,2	8,7
KJ-36	2017-06-16	2679	10,4	26,2	10,0	0,0	0,0	0,4	4,3
KJ-37	2017-06-16	1659	1,7	2,5	0,8	0,1	0,0	0,8	0,4
KJ-38	2017-06-18	1766	6,6	10,6	3,4	0,3	0,1	2,8	1,6
KT-40	2017-06-18	2763	19,3	50,1	19,2	0,0	0,0	0,0	8,3
K-41	2017-06-16	2757	7,3	18,8	7,2	0,0	0,0	0,0	3,1
	Samtölur	1737	303,7	438,4	118,7	29,4	6,6	148,6	60,6




Mynd 12 Blásandi borholur í Kröflu í júní árið 2017.




Mynd 13 *Leirbotnar, gufurennisli úr grunnum holum.*




Mynd 14 *Leirbotnar, vatnsrennsli úr grunnum holum.*




Mynd 15 *Leirbotnar, gufurennisli úr djúpum holum.*




Mynd 16 *Leirbotnar, vatnsrennisli úr djúpum holum.*




Mynd 17 Suðurhlíðar, gufurennslí úr holum.



Mynd 18 Suðurhlíðar, vatnsrennslí úr holum.



Mynd 19 Vesturhlíðar, gufurennisli úr holum.



Mynd 20 Vesturhlíðar, vatnsrennsli úr holum.

2.2.2 Massa og varmavinnsla

Árleg massa- og varmavinnsla úr jarðhitageyminum í Kröflu var reiknuð fyrir einstök vinnslusvæði og eru niðurstöður birtar í Viðauka 1 en þar kemur einnig fram hversu miklu var dælt í holur.


Árleg massavinnsla úr hverju svæði, meðalvermi og niðurdæling er sýnt á myndum 21 til 25, og heildar massavinnsla og meðalvermi úr Kröflusvæði er sýnt á mynd 26.

Tekin voru samtals um 9.803 þúsund tonn af vatn og gufu úr svæðinu á árinu 2017. Þar af var gufa til raforkuframleiðslu 4.834 þúsund tonn. Engin upptekt var vegna prófunar á holum.


Dælt var samtals 2.393 þúsund tonnum af vatni í holu KJ-26 (Leirbotnar) og 2.197 þúsund tonnum í KJ-39 (Suðurhlíðar). Nettó vinnsla úr jarðhitageyminum var því 4.590 þúsund tonn.

Mynd 27 sýnir magn gufu og vatns sem upp er tekið og skiptingu milli frárennslis og dælingar í holur.


Áætlað er að um 40% gufunnar þéttist í kælikerfi stövarinnar. Frárennslis jarðhitavökva frá stöðinni þ.e. skiljuvatn sem ekki er dælt niður ásamt þéttivatni frá kæliturnum var því um 2.314 þúsund tonn á árinu 2017.




Mynd 21 Leirbotnar, grunnar holur. Árleg vinnsla og vermi.




Mynd 22 *Leirbotnar, djúpar holur. Árleg vinnsla og vermi.*




Mynd 23 *Suðurhlíðar Kröflu. Árleg vinnsla og vermi.*




Mynd 24 Hvíthólaklif. Árleg vinnsla og vermi.



Mynd 25 Vesturhlíðar Kröflu. Árleg vinnsla og vermi.



Mynd 26 Kröflusvæði. Árleg vinnsla og vermi.



Mynd 27 Kröflusvæði. Árleg gufuvinnsla og frárennsli.

2.3 EFNAMÆLINGAR

2.3.1 Vatn og gufa úr borholum

Niðurstöður efnagreininga á vatni og gufu úr borholum í Kröflu, sem safnað var í eftirliti 2017, eru varðveittar í gagnagrunni ViewData.

Reiknaður efnastyrkur í gufu og vatni við skiljuþrýsting er sýndur í töflu 5. Fyrir lágvermisholurnar er miðað við 1,2 bar skiljuþrýsting og 7,0 bar þrýsting fyrir hávermisholur. Í töflunni kemur fram styrkur allra helstu efna sem og rennsli gufu og vatns í hverri holu.

Í töflu 6 er tekið saman yfirlit um gasstyrk í gufu ásamt gassamsetningu og hversu mikið gas streymir úr hverri holu og í töflu 7 er ennfreður sýndur reiknaður berghiti árið 2017.

Meðaltal gass í gufu inn á hverfil, þ.e. bæði háþrýsti og lágþrýstigufu, reiknast um 0,84 %, samanbórið við 0,79 % árið 2016. Heildargassstreymi inn í stöðina jókst lítilsháttar og reiknast 1,25 kg/s samanbórið við 1,19 kg/s í fyrra. Gasstyrkur jókst á milli ára vegna tengingar holu K-41 sem er yfir meðallagi gasrík og lokunar KJ-21 sem var undir meðallagi.

Tafla 5 Kröflustöð. Styrkur efna í vatni og gufu borhola árið 2017

		Skilja	Gufa							Vatn														
Staður	Tími	Vermi	Rennsli	CO ₂	H ₂ S	H ₂	N ₂	CH ₄	Ar	Rennsli	pH	CO ₂	H ₂ S	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	Fe	Al	F	Cl	SO ₄	B
		kJ/kg	kg/s	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	kg/s		mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg
KG-05	2017-06-28	852	4,2	745	207	0,9	11,7	1,7	0,56	23,4	9,61	27,7	18,6	365	199,8	18,9	4,68	0,001		1,08	1,08	41,6	293,8	0,64
KG-24	2017-06-28	889	4,6	725	211	0,3	15	2,2	0,55	22,5	9,63	28,3	19,9	406	214,7	17,8	3,97			0,92	0,79	45,6	299,8	0,62
KJ-06	2017-06-21	1250	12,0	1206	196	2,3	47,6	3,73	1,67	23,9	9,59	46,0	18,3	551	234,2	29,8	1,51	0,001	0,003	1,78	1,46	28,5	229,7	0,47
KJ-13	2017-06-21	1383	10,1	998	271	4,0		0,58	0,28	21,1	9,30	21,8	22,6	628	261,6	42,4	3,93		0,003	1,84	2,23	78,4	323,4	1,18
KJ-14	2017-06-27	2561	3,9	7196	968	53,4		0,79	0,73	0,4	8,85	78,9	40,7	930	197,7	41,7	1,12		0,002	1,43	2,02	159,5	47,2	6,39
KJ-16	2017-06-28	2767	1,6	16300	1248	63,2	3,6	4,86		0,0														
KJ-17	2017-06-27	2412	4,3	3260	782	31,4	8,4	2,61	0,71	0,9	9,31	76,9	71,4	702	132,7	21,8	0,49		0,001	1,66	2,90	12,7	19,0	2,10
KJ-19	2017-06-27	1879	1,3	10283	997	57,3		0,93	2,23	1,0	8,86	121,6	45,1	650	224,3	38,0	3,36		0,001	1,45	2,30	79,6	241,6	1,44
KJ-20	2017-06-23	2678	4,3	14302	1444	57,4	4,7	1,69	1,34	0,2	8,87	178,2	69,3	1080	313,2	54,4	1,11	0,007	0,015	0,20	2,26	258,0	48,8	4,91
KJ-27	2017-06-21	1036	4,5	1493	295	5,0	27,3	2,75	1,86	24,5	9,44	42,6	32,2	506	241,2	30,9	3,94		0,004	1,56	1,22	39,5	313,4	0,60
KJ-30	2017-06-27	2767	15,5	8605	1483	72,5	1,7	1,06		0,0														
KJ-31	2017-06-23	2786	0,7	5125	1143	49,6	1,7	0,77	0,79	0,0														
KJ-32	2017-06-23	1149	10,1	1750	815	16,6	2,1	1,35	0,56	38,1	9,36	44,7	79,7	571	255,3	39,9	3,84	0,001	0,001	1,72	1,19	34,7	323,7	0,72
KJ-33	2017-06-23	2050	2,1	2676	1350	38,5	4,5	0,87	0,71	1,1	9,00	35,0	68,0	767	151	27,1	0,95		0,001	1,63	1,87	110,7	110,5	2,62
KJ-34	2017-06-22	2538	19,9	9648	1921	45,8	14,1	0,99	1,19	2,5	8,60	79,5	60,3	749	232,6	42,0	1,63	0,003	0,168	1,26	2,82	274,5	55,0	7,19
KJ-36	2017-06-22	2679	10,0	11954	2603	55,5	15,7	1,1	0,8	0,5	8,50	99,5	82,5	557	136,1	20,6	1,32	0,001	0,002	1,68	1,10	59,2	34,4	4,85
KJ-37	2017-06-28	1659	0,8	6649	1159	59,2	1,9	1,11	1,48	0,9	9,04	101,9	68,5	720	180,7	26,3	0,90		0,001	0,77	1,47	56,4	48,0	3,04
KJ-38	2017-06-22	1766	3,4	12537	1801	35,6	35,9	1,82	1,7	3,2	8,62	115,5	63,1	540	175,1	21,1	2,99	0,001	0,001	1,80	1,33	66,4	92,0	0,63
KT-40	2017-06-22	2763	19,3	16106	1107	19	11,7	2,11	1,16	0,0	8,79	175,5	45,9	1921	236,8	43,4	3,57	0,007	0,039	7,58	7,42	20,4	67,4	17,44
K-41	2017-06-26	2757	7,3	9512	1175	45,8	1,3	0,78	0,57	0,0	9,17	199,9	95,7	1466	329,8	46,9	0,45	0,042	0,244	1,71	3,82	35,6	115,4	4,58
	Samtölur	1610	139,5	7727	1151	32,9	12,3	1,63	0,88	164,2	9,09	40,2	38,3	521	233,2	30,8	3,54	0,001	0,004	1,51	1,35	48,3	285,2	0,87

Tafla 6 Kröflustöð, borholur. Gas í gufu og gashlutföll árið 2017

Staður	Tími	Gufa	Gas								
		Rennsli	í gufu	rennsli	hlutfall	CO ₂	H ₂ S	H ₂	N ₂	CH ₄	Ar
		kg/s	w%	kg/s	l/kg	v%	v%	v%	v%	v%	v%
KG-05	2017-06-28	4,2	0,10	0,00	0,59	70,62	25,35	1,79	1,74	0,44	0,06
KG-24	2017-06-28	4,6	0,10	0,00	0,57	70,21	26,31	0,56	2,28	0,58	0,06
KJ-06	2017-06-21	12,0	0,15	0,02	0,89	75,54	15,88	3,12	4,69	0,64	0,12
KJ-13	2017-06-21	10,1	0,13	0,01	0,80	69,45	24,32	6,08		0,11	0,02
KJ-14	2017-06-27	3,9	0,82	0,03	5,34	74,84	13,00	12,12		0,02	0,01
KJ-16	2017-06-28	1,6	1,76	0,03	10,73	84,41	8,35	7,14	0,03	0,07	
KJ-17	2017-06-27	4,3	0,41	0,02	2,77	65,51	20,31	13,76	0,27	0,14	0,02
KJ-19	2017-06-27	1,3	1,13	0,01	7,13	80,16	10,04	9,76		0,02	0,02
KJ-20	2017-06-23	4,3	1,58	0,07	9,69	82,04	10,70	7,19	0,04	0,03	0,01
KJ-27	2017-06-21	4,5	0,18	0,01	1,13	73,33	18,67	5,40	2,11	0,37	0,10
KJ-30	2017-06-27	15,5	1,02	0,16	6,73	71,07	15,81	13,07	0,02	0,02	
KJ-31	2017-06-23	0,7	1,16	0,01	7,84	67,63	17,82	14,48	0,03	0,03	0,01
KJ-32	2017-06-23	10,1	0,26	0,03	1,76	55,20	33,15	11,41	0,11	0,12	0,02
KJ-33	2017-06-23	2,1	0,41	0,01	2,93	50,78	33,08	15,95	0,13	0,05	0,01
KJ-34	2017-06-22	19,9	1,16	0,23	7,31	73,34	18,86	7,60	0,17	0,02	0,01
KJ-36	2017-06-22	10,0	1,46	0,15	9,20	72,21	20,30	7,31	0,15	0,02	0,01
KJ-37	2017-06-28	0,8	0,79	0,01	5,25	70,39	15,85	13,68	0,03	0,03	0,02
KJ-38	2017-06-22	3,4	1,44	0,05	8,73	79,83	14,81	4,95	0,36	0,03	0,01
KT-40	2017-06-22	19,3	1,72	0,33	9,99	89,59	7,95	2,31	0,10	0,03	0,01
K-41	2017-06-26	7,1	1,09	0,08	6,81	79,05	12,60	8,31	0,02	0,02	0,01
	HP>LP	8,7									
	Samtölur	148,1	0,84	1,25	4,90	79,68	13,64	6,52	0,12	0,03	0,01


HP>LP: afsuða skiljuvatns úr háþrýstiholum.

Tafla 7 Kröflustöð, borholur. Reiknaður berghiti árið 2017

Nafn	Tími	Vermi	tSiO2q	tNa/K	tCO2	tH2/H2S
		kJ/kg	°C	°C	°C	°C
KG-05	2017-06-28	889	213	204	168	259
KG-24	2017-06-28	1250	220	190	168	238
KJ-06	2017-06-21	1383	241	236	219	276
KJ-13	2017-06-21	2561	259	262	192	280
KJ-14	2017-06-27	2767		291	274	300
KJ-16	2017-06-28	2412		269	290	299
KJ-17	2017-06-27	1879	265	264	253	297
KJ-19	2017-06-27	2678	261	267	280	301
KJ-20	2017-06-23	1036		270	288	297
KJ-27	2017-06-21	2767	242	237	202	283
KJ-30	2017-06-27	2786		253	279	298
KJ-31	2017-06-23	1149			267	299
KJ-32	2017-06-23	2050	251	258	221	286
KJ-33	2017-06-23	2538	277	274	247	291
KJ-34	2017-06-22	2679	269	274	281	288
KJ-36	2017-06-22	1659	230	255	285	286
KJ-37	2017-06-28	1766	271	251	270	299
KJ-38	2017-06-22	2763	246	230	284	285
KT-40	2017-06-22	2757	235	276	290	283
K-41	2017-06-26	852	242	248	281	297

2.3.2 Frárennsli frá Kröflustöð

Á mynd 28 er sýnt flæðirit fyrir Kröflustöð þegar sýnum af frárennsli var safnað til efnagreininga.




Mynd 28 Flæðirit fyrir Kröflustöð í júní 2017.

Rennsli skiljuvatns úr lágþrýstiskilju við 126 °C reiknast um 155 kg/s út frá afkastamælingum tengdra borhola. Um 123 kg/s af skiljuvatni var dælt í holur. Um 9 kg/s var blandað í kæliturn til sýrustigsstillingar en það sem umfram var, um 22 kg/s, rann niður Hlíðardalinn. Við skiljuvatnið bættist vatn úr kæliturnum. Samtals var rennsli frá kæliturnum áætlað um 103 kg/s en innstreymi ferskvatns var mælt 50 kg/s. Af þeim 138 kg/s af gufu, sem streyma inn kælikerfið, þéttast 34 kg/s en 104 kg/s gufa upp í kæliturninum. Samtals runnu um 125 l/s af vatni frá stöðinni og niður Hlíðardalslæk þegar sýnum af frárennsli var safnað.


Niðurdælingarvatn

Fylgst hefur verið með styrk kísils í niðurdælingarvatnin frá því að niðurdæling hófst samkvæmt áætlun þar um (Trausti Hauksson 2002, Trausti Hauksson o.fl 2004). Styrkur heildarkísils, sem er sýndur á mynd 29 sem bláir hringir, hefur verið yfir mettunarmökum. Sýrustig vatnsins er hátt, sem veldur því að kísillinn klofnar. Ef miðað er við óklofinn kísil, sem er sýndur brotin lína á myndinni, þá var styrkurinn ætíð undir mettunarmökum. Ólíklegt er að kísilútfellingar séu miklar í holunni. Einnig hjálpar að yfirmettun kísils minnkar þegar vatnið hitnar á leiðinni niður holuna.

Niðurdælingarvatnið er yfirmettað kalki. Mynd 30 sýnir mettunarhlutfallið (“saturation ratio”) sem er hlutfall jónamargfeldis og leysnimargfeldis (k/k_{sp}) á lógarítmískum skala ($\log_{10}(k/k_{sp})$ = “saturation index”). Yfirmettunin var mest í byrjun eða um 0,7 en hefur farið minnkandi og er nú 0,4. Þetta er lítil yfirmettun og ekki líkur að hraðri kalkútfellingu því samleit kyrning á sér ekki stað fyrr en yfirmettunin fer yfir 1. Ekki er þó útilokað að einhverjar kalkútfellingar hafi orðið í niðurdælingarholum því yfirmettunin eykst þegar vatnið hitnar. Ef kalkútfellingar valda minni viðtökuhæfni þá má reyna að auka hana með sýruhreinsun.



Mynd 29 Kísilmettun í niðurdælingarvatni (ViewData).



Mynd 30 Kalkmettun í niðurdælingarvatni (ViewData).

Gaslosun

Teknar voru saman gasmælingar á einstökum holum og árleg gasupptekt úr hverri holu var reiknuð. Þær tölur voru síðan lagðar saman til þess fá út heildargaslosun vegna jarðhita-vinnslunnar. Niðurstöður eru birtar í Viðauka 1.

Gas 1,25 kg/s er losað til andrúmslofts um gaspípu fyrir ofan kæliturnana. Losun koldíoxíðs til andrúmslofts var 33.659 tonn á árinu 2017 en orkuframleiðslan var 1751 TJ og

reiknast koldíoxíðlosunin því vera um 69 g/kWh. Losun brennisteinsvetnis til andrúmslofts var 4.851 tonn sem eru 10,0 g/kWh.

Á myndum 31 og 32 er sýnd árleg losun CO₂ og H₂S vegna orkuvinnslunnar og rannsókna frá upphafi vinnslu. Á mynd 33 er sýndur meðaltalsstyrkur CO₂ og H₂S í vinnslugufunni. CO₂ styrkur í gufu hefur verið minnkandi frá því að vinnsla hófst en þegar nýjar holur hafa verið boraðar hefur orðið tímabundin aukning. Þegar nýjar holur voru boraðar um aldamótin og virkjunin stækkuð úr 30 MW í 60 MW varð aukning sem síðan hefur gengið til baka. Þá varð einnig aukning í H₂S styrk sem hefur haldist nánast óbreyttur síðan.

Þungmálmar


Sýnum var safnað úr frárennislæk skiljustöðvar í Leirbotnum sem og frárennislæk kæliturnna. Einnig var safnað tveimur sýnum úr Hlíðardalslæk eftir að rennsli úr kæliturnum og skiljustöð hefur blandast þ.e. úr V-yfirfalli og einnig þar sem lækurinn rennur undir Austurlandsveg. Niðurstöður efnagreininga eru í töflu 8.

Mældur var styrkur mengunarefna í borholna- og yfirborðssýnum og eru niðurstöður birtar í töflum 9 og 10. Til samanburðar er birt tafla 11 sem notuð er til að flokka yfirborðsvatn m.t.t. mengandi efna samkvæmt *Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 með síðari breytingum* og *Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999 með síðari breytingum* (Umhverfisstofnun 1999). Þau gildi sem eru hærri en mörk fyrir fyrsta flokk skv. reglugerð nr. 796/1999 eru feitletruð í töflum 9 og 10.


Styrkur arsens (As) í frárennislisvatninu fer við skiljustöð yfir mörk fyrir III. flokk sem þýðir að áhrifa sé að vænta á viðkvæmt lífríki. Styrkur króms (Cr) og nikkels (Ni) fer einnig yfir mörk í vatni frá kæliturnum og í Hlíðardalslæk. Það er vegna tæringar vélbúnaðar.

Heildarlosun mengunarefna frá Kröflu árið 2016 var reiknuð út frá þessum greiningum og heildar losun vatns til yfirborðs og í niðurdælingarholur. Þetta er tekið saman í töflu 12.


Tekin voru sýni úr ferskvatnsveitu (kranavatn inni í stöð). Niðurstöður efnagreininga eru sýndar í töflum 8 og 10.



Mynd 31 Kröflusvæði. Árleg losun koldíoxíðs (CO₂).



Mynd 32 Kröflusvæði. Árleg losun brennisteinsvetnis (H₂S).



Mynd 33

Styrkur CO_2 og H_2S í vinnslugufu Kröflustöðvar

Tafla 8 Kröflustöð. Vatnsskýni árið 2017.

[illegible]

Tafla 9 Styrkur mengunarefna í borholusýnum í Kröflu 2017.

Staður	Tími	Hg	Zn	Cu	Cr	Ni	Cd	Pb	As	P
		µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	mg/kg
KG-05	2017-06-28	<0,002	0,88	<0,1	0,01	<0,05	<0,002	<0,01	2,73	<0,001
KG-24	2017-06-28	<0,002	0,85	<0,1	0,01	<0,05	<0,002	<0,01	0,62	<0,001
KJ-06	2017-06-21	<0,002	<0,21	<0,1	0,02	<0,05	<0,002	<0,01	1,97	<0,001
KJ-13	2017-06-21	<0,002	0,37	<0,11	0,02	<0,05	<0,002	<0,01	8,66	<0,001
KJ-14	2017-06-27	<0,002	0,32	<0,11	0,02	<0,05	<0,002	<0,01	49,80	0,001
KJ-16	2017-06-28									
KJ-17	2017-06-27	<0,002	0,43	<0,11	0,02	<0,05	<0,002	<0,01	15,26	<0,001
KJ-19	2017-06-27	<0,002	0,31	<0,1	0,17	<0,05	<0,002	<0,01	12,55	<0,001
KJ-20	2017-06-23	<0,002	1,19	<0,11	0,06	0,06	<0,002	<0,01	37,40	0,004
KJ-27	2017-06-21	<0,002	0,21	<0,1	0,05	0,05	<0,002	<0,01	2,99	<0,001
KJ-30	2017-06-27									
KJ-31	2017-06-23									
KJ-32	2017-06-23	<0,002	0,54	0,31	0,02	<0,05	<0,002	<0,01	8,16	<0,001
KJ-33	2017-06-23	<0,002	0,4	<0,1	0,03	<0,05	<0,002	<0,01	40,98	0,002
KJ-34	2017-06-22	<0,002	1,07	0,73	3,5	0,14	<0,002	<0,01	57,09	0,007
KJ-36	2017-06-22	<0,002	0,41	<0,11	0,04	<0,06	<0,002	<0,01	37,37	<0,001
KJ-37	2017-06-28	<0,002	0,89	<0,1	0,03	<0,05	<0,002	<0,01	57,37	<0,001
KJ-38	2017-06-22	<0,002	0,63	0,16	0,02	<0,05	<0,002	<0,01	4,44	<0,001
KT-40	2017-06-22	<0,002	2,16	<0,37	0,76	0,29	<0,002	<0,04	117,74	<0,001
K-41	2017-06-26	<0,002	1,14	0,2	0,18	<0,08	<0,002	<0,02	11,60	0,005

Tafla 10 Styrkur mengunarefna í vatnssýnum í Kröflu 2017.

Nafn	Tími	Hg	Zn	Cu	Cr	Ni	Cd	Pb	As	P
		µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	mg/kg
Niðurdæling										
LP vatn	2017-06-21	<0,002	<0,2	0,17	0,11	0,26	<0,002	<0,01	9,7	<0,001
Frárennsli										
Skiljustöð	2017-06-21	<0,002	0,66	0,19	0,31	0,23	0,007	0,012	38,4	0,001
Kæliturnar	2017-06-21	0,009	2,28	<0,1	1,58	0,62	<0,002	<0,01	2,24	0,001
V-yfirfall	2017-06-21	0,015	1,74	0,24	0,77	1,22	0,004	<0,01	9,16	0,003
Hlíðardalslækur	2017-06-21	<0,002	3,8	0,37	0,7	1,06	0,003	0,012	6,19	0,005
Önnur sýni										
Ferskvatnsveita										

Feitletruð gildi eru yfir viðmiðunarmörkum (sjá töflu 11).

Tafla 11 Umhverfismörk fyrir málma í yfirborðsvatni til verndar lífríki.

	Hg	Zn	Cu	Cr	Ni	Cd	Pb	As	P
	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	mg/kg
Flokkur I <		5	0,5	0,3	0,7	0,01	0,2	0,4	0,02
Flokkur II <		20	3	5	1,5	0,1	1	5	0,04
Flokkur III <		60	9	15	4,5	0,3	3	15	0,09
